



Jafnréttisstefna Ungmennafélagsins Aftureldingar

Samþykkt á formannafundi félagsins þann 3. maí 2011

Ungmennafélagið Afturelding er lýðræðislega uppbyggt félag sem byggist á sjálfbærliðastarfi. Jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku og stefnumótun er nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi.

Markmið jafnréttisstefnu Aftureldingar er að:

Allt starf innan félagsins uppfylli ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og sé í samræmi við Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.

Ungmennafélagið Afturelding hyggst uppfylla þessi markmið með því að :

Jafnréttisstefnan verði samofin öllu starfi og markvisst fléttuð inn í alla stefnumótun og verklag innan félagsins.

Allir iðkendur innan vébanda félagsins geti iðkað íþrótt sína og unnið að sínum persónulegu markmiðum óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, ætterni, efnahag, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti.

Að jafnræðis og sanngirni sé gætt við úthlutun æfingátíma.

Að sömu kröfur séu gerðar til hæfni þjálfara drengja og stúlkna og sömu laun séu greidd fyrir sambærilega hæfni og störf.

Að bæði karlar og konur verði hvött til þátttöku í innra starfi félagsins og að í ábyrgðarstörf innan þess veljist sem jafnast hlutfall karla og kvenna hverju sinni.

Vinna gegn staðalímyndum kynjanna.

Gera árlega aðgerðaáætlun þar sem mælanlegir mælikvarðar eru nýttir til að kanna stöðuna innan félagsins og til endurbóta þar sem þeirra er þörf.